




Samantekt niðurstaðna Rökræðukönnunar – almenningsamráð um endurskoðun stjórnarskrárinnar

Dagana 9. og 10. nóvember 2019 var haldinn umræðufundur um endurskoðun stjórnarskrár Íslands í Laugardalshöll. Fundurinn var hluti af verkefninu, *Rökræðukönnun – almenningsamráð um endurskoðun stjórnarskrárinnar*, sem unnið var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í samstarfi við öndvegisverkefnið Lýðræðisleg stjórnarskrárgerð og Center for Deliberative Democracy í Stanford Háskóla. Markmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar að kanna viðhorf íslensku þjóðarinnar til tillagna sem komið hafa fram á undanförunum árum að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins í tengslum við fyrirhugaða endurskoðun á stjórnarskránni. Hins vegar var markmiðið að athuga hvort umræður um málefni og samtöl við sérfræðinga á sviðinu hefðu áhrif á skoðanir þátttakenda.

Rökræðukönnunin skiptist í sex meginþætti eins og lýst er á myndinni hér að neðan. Fyrst var viðhorfskönnun lögð fyrir tilviljunarúrtak úr þjóðskrá og netpanel Félagsvísindastofnunar (1). Þátttakendum könnunarinnar var boðið að taka þátt í umræðufundi í Laugardalshöll (2) og þeir sem þáðu boðið fengu sendar til sín upplýsingar um málefni fundarins (3). Í upphafi umræðufundar var lögð fyrir viðhorfskönnun til að kanna viðhorf þátttakenda til málefna (4). Því næst var þátttakendum skipt í hópá sem ræddu viðfangsefni skipulega með hliðsjón af rökum með og á móti tillögum og undir stjórn umræðustjóra. Á fundinum gafst þátttakendum jafnframt tækifæri á að bera fram spurningar um hvert málefni við sérfræðinga (5). Í lok fundar var viðhorfskönnun lögð fyrir þátttakendur á ný í því skyni að kanna hvort viðhorf þátttakenda höfðu breyst við nánari skoðun og umræður um viðfangsefni (6).



Umræður allra hópa voru teknar upp auk þess sem ritarar skráðu helstu atriði umræðna á hverju borði. Umræðunum var skipt í sex hluta þar sem eftirfarandi viðfangsefni voru rædd: forsetaembættið, þjóðaratkvæðagreiðslur, Landsdómur og ákærvald Alþingis, breytingar á stjórnarskrá og alþjóðasamstarf. Eftir hverja umræðu fengu þátttakendur tækifæri til að beina spurningum til þriggja sérfræðinga. Í upphafi fundar og í lok hans var lögð könnun fyrir þátttakendur þar sem spurt var um viðhorf til umræðuefnisins og viðhorf til ólíkra gilda og til stjórn málaumhverfis og -þátttöku. Hér er að finna stutta samantekt um helstu niðurstöður rökræðukönnunarinnar.

Embætti forseta Íslands

Í lok umræðufundar var meirihluti þátttakenda (77%) fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að hlutverk forseta ætti að vera óbreytt frá því sem nú er og að forsetinn eigi að vera fulltrúi þjóðarinnar allrar og hafinn yfir pólitík (86%). Flestir voru jafnframt fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að mannaskipti séu mikilvægur hluti lýðræðis (75%) og að embættistími forseta ætti að takmarkast við tiltekinn fjölda kjörtímabila (72%).

Þegar borin eru saman svör þátttakenda fyrir og eftir umræðufundinn má sjá nokkra breytingu á viðhorfum. Fyrir umræðurnar hafði meirihluti þátttakenda (63%) verið sammála því að hafa aldursskilyrði um forsetaframboð óbreytt en eftir umræðurnar voru færri sammála viðmiðunum (53%). Þá skiptu jafnframt þó nokkrir um skoðun varðandi kjör forseta. Fyrir fundinn var rúmur helmingur þátttakenda (56%) fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að forseti ætti að vera kosinn áfram á sama hátt og nú er, þ.e. með einfaldri meirihlutakosningu, en eftir fundinn var hlutfallið komið niður í 40% þátttakenda. Eftir umræðufundinn voru hlutfallslega fleiri þátttakendur hlyntir raðari kosningu í forsetakjöri (56%) en fyrir fundinn (38%), en slíkt fyrirkomulag tryggir að forseti njóti stuðnings meirihluta kjósenda. Fyrir umræðufundinn taldi rúmur helmingur þátttakenda (56%) raðaða kosningu vera flókna, þar sem kjósendur þurfa ekki einungis að velja frambjóðendur heldur líka forgangsraða þeim. Eftir umræðufundinn voru hlutfallslega færri þeirrar skoðunar (41%).

Landsdómur og ákærvald Alþingis

Afgerandi breytingar urðu á viðhorfum þátttakenda til Landsdóms og ákærvalds Alþingis vegna brota á lögum um ráðherraábyrgð eftir umræðufundinn. Fyrir umræðurnar höfðu 52% þátttakenda verið fullkomlega, mjög eða frekar sammála óbreyttu fyrirkomulagi, en eftir umræðurnar voru 21% þátttakenda á þeirri skoðun. Mun fleiri voru á þeirri skoðun að afnema skyldi ákærvald Alþingis og leggja Landsdóm niður eftir umræðurnar (55%) en fyrir þær (24%). Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu ákærvald Alþingis og Landsdóm nauðsynleg til að almenningur geti treyst því að mál á hendur framkvæmdavaldinu séu sótt á hlutlausan og sanngjarnan hátt. Einungis um þriðjungur þátttakenda var sammála því eftir umræðufundinn. Meirihluti þátttakenda var fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að hægt væri að misnota ákærvald Alþingis og Landsdóm í pólitískum tilgangi (79%).

Í umræðum þátttakenda um málefnið mátti greina tortryggni í garð ákærvalds Alþingis. Þá voru margir þeirrar skoðunar að óæskilegt væri að þingmenn tækju ákvarðanir um ákærur á hendur fyrrverandi eða núverandi samstarfsfólks eða pólitískra andstæðinga og að slíkt fæli í sér hættu á pólitískri misnotkun valdsins.

Ákvæði um breytingar á stjórnarskrá

Eftir umræðurnar var meirihluti þátttakenda fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að breytingar á stjórnarskrá ætti alltaf að bera undir þjóðaratkvæði (82%). Þá taldi rúmur helmingur (59%) að breytingar á stjórnarskrá eigi áfram að þurfa samþykki tveggja þinga. Nær allir voru sammála því að stjórnarskrárbreytingar megi ekki vera svo auðveldar að stundarhagsmunir stjórnmalaflokka geti leitt til þeirra (96%) og að um stjórnarskrárbreytingar eigi að ríkja almenn sátt meðal landsmanna (95%).

Litlar breytingar urðu á viðhorfum þátttakenda til breytingaákvæða stjórnarskrár eftir umræðufundinn. Í lok umræðna voru ívið færri (14%) sammála því að aukinn meirihluti þings (2/3) ætti að geta breytt stjórnarskránni í einni atkvæðagreiðslu en fyrir umræðurnar (19%).

Þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði

Í lok umræðufundar voru einungis 6% þátttakenda fullkomlega, mjög eða frekar ósammála því að stjórnarskráin ætti að tryggja forseta Íslands áfram leið til að vísa nýsamþykktum lögum til þjóðarinnar. Meirihluti þátttakenda (83%) taldi að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ætti alla jafna að vera bindandi fyrir yfirvöld en einungis 8% töldu að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu aðeins að vera ráðgefandi.

Um 80% þátttakenda voru sammála því að almenningur ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja lagasetningu ef krafa um slíkt nyti stuðnings tiltekins hluta kjósenda. Rúmur helmingur (59%) var sammála því að ákveðið hlutfall kjósenda ætti að geta lagt fram þingmál (svokallað þjóðarfrumkvæði). Eftir umræðurnar hafði hlutfall þeirra sem taldi að almenningur ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni en ekki aðeins nýja lagasetningu, lækkað úr 57% í 44%. Fyrir umræðufundinn hafði rúmur helmingur þátttakenda (54%) verið ósammála því að þjóðaratkvæðagreiðslur megi halda um hvaðeina, en eftir umræðurnar hafði hlutfallið hækkað í 66%.

Kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör

Nokkrar breytingar urðu á viðhorfum til persónukjörs, kjördæmaskipan og atkvæðavægis á umræðufundinum. Fyrir umræður sögðust 26% vera fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að kjördæmaskipan skyldi halda óbreyttri, en eftir umræður var hlutfallið komið í 36%. Þá voru 73% þátttakenda sammála því að mikilvægt sé að kjördæmaskipting landsins tryggi öllum landshlutum fulltrúa á þingi og eru það hlutfallslega fleiri en fyrir umræðurnar (66%). Eftir umræðurnar voru fleiri sammála því að jafnt vægi atkvæða væri mikilvægasta markmið breytinga sem gera má á kjördæmaskiptingu (68%) en fyrir umræðurnar (60%).

Fyrir fundinn voru alls 65% þátttakenda sammála því að kosningar til þings og sveitarstjórna ættu áfram að miða við flokkslista en þó leyfa persónukjör í auknum mæli en eftir umræðurnar jókst hlutfallið í 80%. Þá voru í lok umræðna hlutfallslega færri sammála því að kosningar til þings og sveitastjórna ættu að byggja á persónukjöri (43% eftir umræðufundinn en 55% fyrir fundinn). Eftir umræðurnar voru 75% þátttakenda sammála því að mikilvægt væri að kjósendur gætu haft meira áhrif á fulltrúaval en núverandi reglur segja til um, t.d. með því að hafa áhrif á röð frambjóðenda á lista eða með því að geta kosið þvert á flokka.

Alþjóðlegt samstarf og framsal valdheimilda

Talsverð breyting varð á viðhorfi þátttakenda til stjórnarskrárbreytinga vegna alþjóðasamstarfs. Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir voru því að gera þyrfti breytingar á stjórnarskrá Íslands til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kunni að krefjast. Fyrir umræður voru 45% þátttakenda sammála fullyrðingunni en eftir umræðurnar hafði hlutfallið hækkað í 66%. Eftir umræðurnar fjölgaði þeim einnig hlutfallslega sem voru sammála því að mikilvægt sé að ákvarðanir um framkvæmd alþjóðasamninga lúti fyrirfram gefnum og skýrum reglum sem eru óháðar pólitískum ágreiningi, úr 83% í 92%. Þá fækkaði þeim hlutfallslega sem mátu það eitt mikilvægasta hlutverk stjórnarskrárinnar vera að verja fullveldi landsins, úr 87% fyrir umræðufundinn í 81%.

Gildi

Þátttakendum var fenginn listi yfir nokkur algeng siðferðileg og samfélagsleg gildi og þeir beðnir að leggja mat á það hversu vel íslenskt samfélag endurspeglar hvert gildi með tölu á kvarðanum frá 0 til 10. Athygli vekur að eftir umræðufundinn voru þátttakendur ívið líklegri til að telja að vel hafi tekist að innleiða nær öll gildin í samfélaginu. Gildin sem þátttakendur töldu að best hafi tekist að innleiða eru frelsi, mannréttindi, lýðræði og jafnrétti. Þátttakendur voru einnig beðnir að meta mikilvægi sjö ólíkra staðhæfinga, fyrir sjálfa sig og samfélagið í heild. Nær allir mátu mikilvægast að allir hefðu jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu og að engan skorti mat og þak yfir höfuðið. Síst mikilvægt mátu þátttakendur það að geta aflað sér eins mikilla tekna og hægt er.

Stjórnmalaleg þátttaka og –umhverfi

Eftir umræðurnar var meirihluti þátttakenda sammála því að stjórnmalaskoðanir þeirra væru þess virði að hlustað væri á þær (84%). Ríflega þriðjungur þátttakenda (37%) var sammála því að flest opinber stefnumál væru svo flókin að einstaklingar eins og þeir ættu erfitt með að skilja þau. Eftir umræðurnar fjölgaði þeim talsvert sem voru ósammála fullyrðingunni: Fólk eins og ég hefur ekkert um það að segja hvað stjórnvöld gera, úr 44% í 56%.